

81. fundur

Skólaráðsfundur miðvikudagur 7. ágúst 2019

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mættir: Karl og Helga fulltrúar foreldra, Elsa fulltrúi kennara, Guðný fulltrúi starfsmanna, Kristinn frá KJG ráðgjöf á vegum USK, Indriði frá Verkís á vegum USK, Kristján, Agnar og Friðleifur frá USK. Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskóladeildar hjá SFS, Aðalbjörg og Árni skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni

Efni fundar:

- Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu
- Skólabyrjun
- Ráðning skólastjóra
- Önnur mál

Framvinda framkvæmda í skólahúsnæðinu

Kristinn og Indriði ásamt fulltrúum frá USK fóru yfir framvindu framkvæmda í skólahúsnæðinu. Vísað var í greinargerð sem tekin var saman fyrir skólaráðsfundinn. Greinargerðin fylgir þessari fundargerð og er að finna á heimsíðu skólans.

Hægt er að fylgjast með gangi framkvæmda við skólann í Framkvæmdasjá á vef borgarinnar, <https://reykjavik.is/framkvæmdasjain/fossvogsskoli-endurbaetur>. Helstu upplýsingar um verklok eru þessi:

- Verklok innahúss í Meginlandi og Austurlandi eru áætluð 15. ágúst.
- Verklok í Vesturlandi eru áætluð í lok nóvember.
- Verklok vegna síkkunar glugga í matsal og veggja á lóð vegna framkvæmda sunnan við Meginland eru áætluð 18. nóvember.
- Verklok lóðafrágangs eru áætluð í lok nóvember.

Mikill fjöldi iðnaðarmanna vinnur við lokafráganga í Austur- og Meginlandi. Einnig eru þrif á þessum svæðum langt komin. Áætlað er að byrja að flytja húsgöng og búnað inn á námssvæði í næstu viku.

Kynningarfundur með foreldrum verður haldinn í skólanum fimmtudaginn 15. ágúst kl. 16:00. Á fundinum verður farið nánar yfir skólabyrjunina og framkvæmdir í húsnæðinu en fulltrúar frá SFS og USK mæta á fundinn.

Skólabyrjun

Allar aðgerðir í þessum skipulagsbreytingum hafa miðað að því að hafa allt skólastarfið á sama stað til að skapa sem mestan stöðugleika. Vegna breytinga á bókasafni skapast betri nýting á skólahúsnæðinu og aukið svigrúm til sveigjanleika í skólastarfinu. Sú aðgerð ásamt endurskipulagningu á nýtingu rýma í Austur- og Meginlandi, meðan á aðgerðum stendur í Vesturlandi, gerir stjórnendum kleift að koma öllum nemendum fyrir þótt þessar breytingar þrengi vissulega að skólastarfinu um nokkurn tíma. Samráðsfundur við frístund er í dag þar sem farið verður yfir það hvernig koma á frístundastarfinu fyrir í skólahúsnæðinu.

Ráðning skólastjóra

Farið var yfir fyrirhugaða auglýsingu um skólastjórastöðu Fossvogsskóla með Soffíu Vagnsdóttur yfirmanni grunnskólaskrifstofu SFS en áætlað er að starfið verði auglýst um komandi helgi. Miðað er við að nýr skólastjóri taki við stjórn skólans um mánaðamótin október og nóvember.

Önnur mál

Rætt var um umsóknir foreldra utan skólaverfis um skólavist fyrir börn sín. Samhljómur um að aðstæður í húsnæðismálum gerðu það verkum að ekki væri unnt að bregðast við þessum óskum.

Fundi slitið upp úr kl. 10:00